

## Alþjóðlega leiklistar stofnunin (ITI) Alþjóðasamtök sviðslista

Skilaboð Alþjóðlega dansdagsins 2026 - 29. Apríl  
Höfundur: Crystal PITE, Kanada  
Danshöfundur

---

Íslenska (þýðing)

### Skilaboð alþjóðlega dansdagsins 2026 eftir Crystal PITE, Kanada

Manneskjur hreyfast - handleggir okkar teygja sig út, hné okkar falla saman, höfuðin hneigjast, bringa okkar hnígur saman, bakið sveigist.

Við hoppum, yppum öxlum, kreppum hnefana, lyftum hvort öðru upp og ýtum hvort öðru frá okkur. Þetta er tungumál jafnt eins og það er athöfn. Þetta er það sem líkaminn hefur að segja um þarfir, ósigur, hugrekki, örvæntingu, þrá, gleði, óræði, gremju, ást. Þessar myndir vekja upp tilfinningar í huganum þar sem við höfum fundið svo einlæglega fyrir þeim í líkamanum - við höfum verið hreyfð.

Við erum dansarar, öll. Lífið hreyfir okkur; lífið dansar með okkur. Hverfult eins og andardráttur, jafn áþreifanlegt eins og bein, dans er mótaður úr okkur. Við mótum rýmið. Við skrifum með líkómum okkar á orðlausu tungumáli sem skynjað er í djúpvitund okkar.

Við fyllum rýmið innan okkar og í kringum okkur af náð þegar við dönsu.

Eins og lífið, skapar dansinn sjálfan sig og eyðir sér í hverju augnabliki. Eins og ástin, er hann handan skynseminnar.

Mér finnst gott að hugsa um líkamann eins og staðsetningu; stað þar sem tilveran er geymd og hún mótuð. Þegar við dönsu, erum við í djúptengingu við þennan stað.

Ég skrifa þetta snemma árs árið 2026, þegar enginn endir virðist vera á kúgun, ólgu og þjáningu í heiminum. Daglega, þegar við verðum vitni að þeim hörmungum sem mannfólkið er fært um að gera hvert öðru og vélvirki valdsins sem fjármagnar og knýr áfram ólýsanlegt ofbeldi á bæði manneskjum og jörðinni, virðist dansinn vera aumt og gagnslaust viðbragð. Það er erfitt að ímynda sér hvað danslistamaður getur gert í heimi sem þarfnast svo innilega róttækra breytinga og heilunar.

En samt - listin, rétt eins og vonin, er birtingarmynd ástarinnar. Ögrandi í sköpun sinni í ljósi vanhelgunnar, leysir listin upp storknaðan huga og virkar sem smyrsl til þess að lækna hann. List er farvegur sem heldur utan um okkur á meðan við glímum við spurningar - saman - á hátt

sem er frábrugðinn fréttum, frábrugðinn heimildarmyndum og fræðslu, frábrugðinn skoðunum og samfélagsmiðlum, frábrugðinn aðgerðum og mótmælum, en ekki ósamrýmanlegur þeim. Í gegnum sköpun þróum við með okkur viðnám og von með litlum augnablikum af hugrekki, forvitni, góðvild og samvinnu. Í dansi, og í sköpun dans, finnum við sönnun þess að mannkynið er meira en síðasti sársaukafulli harmleikur okkar á alþjóðavísu.

En dansinn þarf enga réttlætingu, enga útskýringu. Hann er úr okkur gerður en skuldar okkur ekkert. Hann þarf aðeins líkama sem er tilbúinn að hýsa hann. Frá þeim stað getur hann þýtt hið ósegjanlega; verið sem milliliður milli okkar og þess óþekkta.

Við hrifumst af þessum hverfulu ummerkjum fegurðar í augnablikinu. Og er við lifum bæði dansinn og hverfuleika hans erum við minnt á eigin hverfuleika. Á sama tíma, ef við gefum því gaum, getur dansinn veitt okkur einstaka innsýn í sálina.

Crystal PITE - BIO:

Kanadíski danshöfundurinn **Crystal Pite** er fyrrverandi dansari hjá Ballet British Columbia og Ballett Frankfurt undir stjórn William Forsythe.

Á 35 ára ferli sem danshöfundur hefur Pite skapað yfir sextíu verk fyrir hópa á borð við The Royal Ballet, Nederlands Dans Theater, Paris Opera Ballet og National Ballet of Canada. Hún er þekkt fyrir verk sem takast ögrandi á við þemu eins og áföll, fíkn, átök, meðvitund og dauðleika; djörf og frumleg sýn hennar hefur aflað henni alþjóðlegrar viðurkenningar og haft áhrif á heila kynslóð danslistafólks.

Hún er formlegur listamaður (e. Associate Artist) við þrjár stofnanir: Nederlands Dans Theater, Sadler's Wells (London) og National Arts Centre í Kanada. Hún hefur hlotið heiðursdoktorsnafnbót í myndlist (Doctorate of Fine Arts) frá Simon Fraser University, er meðlimur í Order of Canada og hefur hlotið heiðursnafnbótina Officier de l'Ordre des Arts et des Lettres frá Frakklandi.

Árið 2002 stofnaði hún Kidd Pivot í Vancouver, danshóp sem leitast við að eima og miðla al-mannlegum spurningum í listaverk sem tengja okkur við kjarna mannlegrar tilveru. Kidd Pivot er heimsþekktur fyrir róttæka blöndu dans og leikhúss og ferðast víða með verk sem hafa hlotið lof gagnrýnenda, svo sem *Betroffenheit*, *Revisor* og *Assembly Hall* (samvinnuverk með Jonathon Young), auk *The Tempest Replica*, *Dark Matters*, *Lost Action* og *The You Show*.

Pite hefur hlotið fjölda verðlauna, þar á meðal Governor General's Performing Arts Award árið 2022, Jacob's Pillow Dance Award árið 2011 og Jacqueline Lemieux Prize árið 2012. Árið 2017 hlaut hún Benois de la Danse fyrir verkið *The Seasons' Canon* hjá Paris Opera Ballet. Árið 2018 hlaut hún Grand Prix de la danse de Montréal. Hún hefur einnig hlotið fimm Laurence Olivier Awards fyrir verk sín með Kidd Pivot og The Royal Ballet.

*Pýtt af Lilju Björk Haraldsdóttur, formanni Félags Íslenskra listdansara.*